



15. fundur stjórnar LH 2024-2026

2. apríl 2025 kl. 20:00

Fjarfundur

Mætt úr aðalstjórn: Linda Gunnlaugsdóttir, Ólafur Gunnarsson, Þórhildur Katrín Stefánsdóttir, Sóley Margeirsdóttir, Ólafur Þórisson.

Mætt úr varastjórn: Sigurbjörn Eiríksson, Jón Þorberg Steindórsson, Ragnhildur Gísladóttir, Hilmar Guðmannsson.

Forföll boðuðu: Sveinn Heiðar Jóhannesson, Reynir Atli Jónsson, Unnur Rún Sigurpálsdóttir.

Fundargerð ritar: Berglind Karlsdóttir

Formaður setur fund og stýrir fundi.

1. Samþykkt fundargerðar síðasta fundar

2. Staða verkefna hjá formanni og framkvæmdastjóra

- Heiðursboð fyrir Sigurbjörn Bárðarson var haldið sl. sunnudag í samvinnu við Fák í tilefni þess að SB var tekinn inn í Heiðurshöll ÍSÍ í janúar, en það er einn mesti heiður sem íþróttamanni hlotnast. Boðið var vel sótt af fjölskyldu, vinum og samferðafólki Sigurbjörns. LH afhenti SB verðlaunagrip sérhannaðan af SIGN.
- Formanni og varaformanni var boðið á galasýningu Gangmyllunnar, mikill metnaður var lagður í sýninguna sem var öll hin glæsilegasta.
- Samningar við Lífland og Topreiter eru á lokametrum, stefnt er á að undirrita samninga á Allra sterkustu.
- Samningur við Cargo er á lokametrunum og er Cargo búíð að tryggja flugvél sem flytur keppnishesta okkar og búnað á HM þann 28. júlí.
- ÍSÍ hefur undanfarið boðað sérsambönd á röð samráðsfunda til að undirbúa tillögur fyrir íþróttaping. Slíkt er til eftirbreytni og stjórn LM mætti hafa í huga við undirbúning tillagna fyrir næsta Landsþing.
- Fulltrúar úr reiðveganefnd voru boðaðir til fundar með Vegagerðinni þar sem farið var yfir verkferla varðandi innsendingu reikninga og einnig fékkst staðfest að sé ónýtt reiðvegafé í lok árs þá færist það yfir á næsta ár.
- Sprettur stefnir á að halda Íslandsmót í gæðingalist á þremur kvöldum í miðri viku, dagana 29. og 30. apríl og 1. maí.

3. Verkefnalisti stjórnar

Farið yfir verkefnalista stjórnar.

4. Staða verkefna í nefndum

Landsliðsnefnd: Allra sterkustu 19. apríl. Dagskráin er tilbúin og hestar og knapar eru að raðast í atriði. Mikilvægt að stjórn leggist á árar að deila auglýsingum og hvetja sitt fólk til að mæta. Einnig þarf að manna alla pósta á viðburðinum.



Tölvunefnd: Í SportFeng eru komnar inn viðbætur t.d. varðandi jafna í úrslitum og gæðingalist. Samtal við RML um framtíð Sportfengs gengur hægt og þarf að ýta því vel áfram.

Mannvirkjanefnd: Manna þarf vel hurðir á sýningum í reiðhöllum til að tryggja öryggi þegar riðið er inn og út úr sal. Almennt þarf að taka öryggismál í kringum skeið í gegnum höll fastari tökum.

Taðhópur hittist í vikunni. Ákveðið var að safna upplýsingum um fjölda hesta á höfuðborgarsvæðinu en það er mikilvægt að ná yfir hversu mikið af taði er hægt að áætla að falli til ár hvert.

Dómaranefndarfundur – nefndin er að semja ferla um kvartanir er tengast störfum dómara.

5. Stefnumótunarvinna

Petra Björk Mogensen hefur tekið að sér að stýra stefnumótunarvinnu í lok apríl. Fundurinn verður síðdegis í 3-4 klst. og boðið verður upp á að vera í fjarfundi eða mæta. Formenn aðildarféлага verða boðaðir á fundinn og þeir hvattir til að boða sitt stjórnar- og nefndarfolk ásamt starfsmönnum félaganna. Einnig stjórn LH, starfsmenn og nefndarfolk LH.

6. Skipun ungmenna í fastanefndir LH - erindi frá Æskulýðsnefnd

Í kjölfarið umræðu á FEIF þingi um fulltrúa yngri kynslóðar í nefndum, kom upp sú umræða í æskulýðsnefnd að skipa ungmennafulltrúa í fastanefndir, í þeim tilgangi að búa til sjálfboðaliða og ala upp félagsmálafolk.

Afgreiðsla: Samþykkt að auglýsa eftir ungmönnum í fastanefndir með haustinu. Kynna á formannafundi og fela þeim að hvetja sína ungliða til að sækja um.

7. Aðgengi hestaþrótta að þjóðarhöll - erindi frá Mannvirkjanefnd

Þjóðarhöll mun rísa í Laugardalnum á næstu árum. Höllinni er ætlað að hýsa innanhússknattípróttir og stórviðburði. LH hefur á fyrri stigum sent inn upplýsingar um aðstöðuleysi hestaþrótta hvað varðar innahússkeppni á löglegru stærð af velli og sent erindi um aðkomu hestaþrótta að höllinni.

Afgreiðsla: Mannvirkjanefnd falið að kanna stöðuna á aðgengi hestaþrótta að nýrri þjóðarhöll.

8. Áfengissala í tengslum við íþróttastarf – ábending frá ÍSÍ

ÍSÍ hvetur sársambönd og íþróttafélög til að huga að því að tilskilin leyfi séu til staðar til að selja áfengi á viðburðum. Taka þarf ábyrga nálgun á þessi mál og horfa til þess hvernig við verjum börn, ungmenni og aðra einstaklinga við áreiti sem tengist áfengisneyslu.

Afgreiðsla: Skrifstofu falið að framsenda á aðildarfélögin.

9. Reglur um notkun heiðursfána LH – sjá fylgiskjal

Drög að reglum um notkun heiðursfánans fjalla um við hvaða tilefni er tilhlýðilegt að nota fánann. Auk helstu viðburða LH er heimilt að nota fánann við útfarir stjórnarfolks, sitjandi formanna hestamannafélaga, heiðursfélaga og gullmerkishafa, og á stórafmælum stjórnarfolks, sitjandi formanna og heiðursfélaga LH. Einnig er heimilt að nota fánann við önnur tilefni eftir atvikum.

Afgreiðsla: Samþykkt. Skrifstofu falið að birta á heimasíðu LH.



10. Önnur mál

Skortur er á aðgengi að kennslugögnum fyrir þá sem vilja halda námskeið fyrir mjög ung börn og algjöra byrjendur og til að efla og auðvelda hestavalsnám í grunnskólum. Rætt var um að æskilegt væri að taka saman einföld verkefni sem væri hægt að hafa aðgengileg fyrir þá sem vilja bjóða upp á reiðnámskeið fyrir börn.

Afgreiðsla: Vísað til útbreiðslu- og nýliðunarnefndar til umfjöllunar.

Fundi slitið kl. 21:35